

---

**1990 nr. 102 12. desember**  
**Lög um norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar**

Tóku gildi 19. desember 1990. Breytt með L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

**■ 1. gr.**

Stofna skal norrænt fjármögnunarfélag samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns fjármögnunarfélags á sviði umhverfismála sem undirritaður var í Reykjavík 2. mars 1990.

**■ 2. gr.**

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,<sup>1)</sup> svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða

gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelða starfsemi félagsins eða efndir skuldbindinga þess.

<sup>1)</sup> Nú l. 87/1992.

**■ 3. gr.**

Félagið skal undanþegið aðstöðugjaldi, landsútsvari [og tekjuskatti],<sup>1)</sup> svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

<sup>1)</sup> L. 129/2004, 82. gr.

**■ 4. gr.**

Lánessamningar, sem félagið er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

**■ 5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.